

# Opnar kennslubækur

## Hagur nemenda og kennara

**Menntakvika, 6. október 2017**
**Menntavísindasvið Háskóla Íslands**

Bernharð Antoniussen, Sigurbjörg Jóhannesdóttir,
Hákon Hákonarson og Arnar Úlfarsson

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/




Landsbókasafn Íslands. (2017, 3. október). Íslensk útgáfuskrá. Sótt af http://utgafuskra.is/statistics.jsp

Í Bandaríkjunum er árlegur bókakostnaður hvers háskólanema að meðaltali um 130.000 krónur á ári

(miðað við gengi dags 4. október 2017, 106 kr.)

**2013**

Sjö af hverjum tíu framhaldsskólanemendum kaupa ekki kennslubækur vegna mikils kostnaðar

**2011**

Senack, E. (2014). Affordable textbooks. A Policy Guide (policy guideline). Washington, DC: The U.S. PIRG Education Fund & the Student PIRGs. Bls. 13. Sótt af http://studentpirgs.org/sites/student/files/reports/POLICY%20GUIDE%20-%20Affordable%20Textbooks.pdf

High Prices Prevent College Students from Buying Assigned Textbooks. (2011, ágúst). Student PIRGs. Sótt 7. desember 2014 af http://studentpirgs.org/news/ap/high-prices-prevent-college-students-buying-assigned-textbooks

# Kostnaður vegna kennslubóka fer hækkandi




Source: Bureau of Labor Statistics' Consumer Price Index data.

# Áhrif á nemendur

| | Árið 2013 | Árið 2016 |
|---|---|---|
| | 150 háskólar | 1 háskóli |
| **Vegna mikils kennslubókakostnaðar** | **2.039 nemendur** | **676 nemendur** |
| Keyptu ekki kennslubækur | 65% | 63% |
| Hefur áhrif á fjölda námskeiða | 60% (16%+48%) | 35% |
| Hafi áhrif á námsárangur ef kaupa ekki | 93,6% | |
| Féllu í námskeiðum | | 14% |
| Hættu í námskeiðum | | 10% |

- Árið 2013 - Senack, E (2014). Fixing the Broken Textbooks Market. How students respond to high textbook costs and demand alternatives.
- Árið 2016 - Martin, M.T, Belikov, O.M., Hilton, J., Wiley,D, Fischer, L. (2017). Analysis of student and faculty perceptions of textbook costs in higher education




83% nemenda segja að þeir myndu bæta sig í námi ef þeir fengju aðgang að ókeypis kennslubókum á Internetinu og hefðu val um að kaupa þær prentaðar.

Senack, E (2014). Fixing the Broken Textbooks Market. How students respond to high textbook costs and demand alternatives.



slugbooks.com

# Nemendur geta ekki lært af námsefni sem þeir hafa ekki efni á



slugbooks.com

# Við getum gert betur

# Opið menntaefni

(CC-BY) Teiknað 2012 af Jonathas Mello. Breytt 2013 af Sibbu Jóa

Þetta hugtak kom fyrst fram árið 2002 á UNESCO málstofu um áhrif opinna námskeiða á háskólastigi í þróunarlöndum.

- UNESCO hefur lagt áherslu á að alheimurinn leggi áherslu á opið menntaefni
- Opið menntaefni gefur notendum hans frelsi til að nota, kynna sér, aðlaga, dreifa og bæta efnið eftir eigin þörfum.
- Opið menntaefni nýtist kennurum, nemendum, þeim sem sjá um menntun og almenningi.
- Opið menntaefni felur í sér lýðræðislega þróun á námsefni og verkfærum sem henta í kennslu og nám.

# Opinn aðgangur

(e. Libre Open Access)

Efni sem er aðgengilegt á Internetinu án gjaldtöku og er með opið afnotaleyfi (e. open licence) og því laust við mikið af þeim leyfishömlum sem felast í hefðbundnum höfundarétti.

# Aðildarlönd OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar)

35 ríkisstjórnir undirrituðu yfirlýsingu 2004 um að löndin styðji opinn aðgang

Árið 2011 tóku löndin þátt í rannsókn um opið menntaefni (83% þátttaka)

- Ábyrgð stjórnvalda sé að auka vitund um opið menntaefni
- Ríkisstjórnir eigi að gera það að sinni ábyrgð að opið menntaefni sé framleitt, fjármagnað og dreift á netinu.
- Öll skólastig eru að nota opið menntaefni (ekki bara framhaldsskólarnir)
- Þekking á opnum höfundaleyfum sé vel þekkt og notuð
- Sammála um mikilvægi opins menntaefnis fyrir menntun en það býður upp á opnari og sveigjanlegri námstækifæri.
- Það sé fjárhagsleg hagkvæmni fólgin í að nota opið menntaefni, skilvirkni eykst og gæði menntaefnis aukast.

# Kostirnir við að nota opið menntaefni - Niðurstöður OECD (2011)

- það býður upp á opin og sveigjanleg menntunartækifæri
- betri nýting fjármuna (- Tyrkland)
- meiri skilvirkni og hærri gæði menntaefnis
- ýtir undir nýjungar
- kennarar geta endurnýtt, breytt og aðlagað efnið
- styður og hvetur til samvinnu kennara
- laðar að nemendur
- Gegnsæi

# Hvað segja kennarar um opið menntaefni?

Niðurstöður rannsóknar árið 2016 við Brigham Young University, Provo, Utah - 573 þátttakendur

91% væru viljugir til að nota opið menntaefni í sinni kennslu

53% myndu þiggja aðstoð við að finna og aðlaga opið menntaefni fyrir námskeiðin sem þeir kenna

Martin, M.T, Belikov, O.M., Hilton, J., Wiley,D, Fischer, L. (2017). Analysis of student and faculty perceptions of textbook costs in higher education. Open Praxis, 9(1), bls. 79-91. DOI: 10.5944/openpraxis.9.1.432



# Opnar kennslubækur

eru aðgengilegar á
Internetinu án gjaldtöku
og eru með opið afnotaleyfi.

Þær eru því lausar við
mikið af þeim
leyfishömlum sem
felast í hefðbundnum
höfundarétti.

# Frelsi notenda varðandi opnar kennslubækur

## Endurnýtt

(reused)

Frelsi til að nota kennslubókina í óbreyttu formi á þann hátt sem hann kýs.

## Endurskoðuð

(revised)

Frelsi til að kynna sér kennslubókina og aðlaga hana að þörfum sínum með því að breyta henni.

## Endurblönduð

(remixed)

Frelsi til að sameina upprunalegu útgáfuna með öðru efni til að búa til eitthvað nýtt

## Endurdreifð

(redistributed)

Frelsi til að dreifa upprunalegu kennslubókinni, endurskoðaðri útgáfu af henni eða nýju kennsluefni sem byggir á bókinni.

# Mismunandi afnotaleyfi, m.a. Creative Commons:

| Afnotaleyfi Creative Commons | Endurnýta efnið í öðru verkefni | Endurnýta hluta úr efninu í annað verkefni | Breyta efninu, t.d. þýða það | Texta-greining *(e. data mining)* | Breyta afnotaleyfi á afleiddu verki | Má hafa af því fjárhagslegan ávinning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CC-BY | já | já | já | já | já | já |
| CC-BY-SA | já | já | já | já | nei | já |
| CC-BY-NC | já | já | já | já | já | nei |
| CC-BY-ND | já | nei | nei | nei | nei | já |
| CC-BY-NC-SA | já | já | já | já | nei | nei |
| CC-BY-NC-ND | já | nei | nei | nei | nei | nei |

# Dæmi um texta fyrir kennslubók með opna afnotaleyfinu

# CC BY 4.0

Þessi kennslubók er gefin út með afnotaleyfi Creative Commons. Það þýðir að hver sem er má endurnýta hana að hluta til eða alveg, breyta, dreifa, textagreina og búa til afleidd verk í hvaða miðli sem er. Skilyrðin eru að upprunalegs höfundar sé getið og að um sé að ræða skapandi vinnu sem eykur þekkingarlegt verðmæti bókarinnar.



# Afhverju opnar kennslubækur?




# Grunnskólakennarar á Íslandi 1995

- 94% fannst mikilvægt að auka framboð og val á námsefni
- 81% töldu mikilvægt að endurnýja námsefni.

- 80% kennara notuðu efni til kennslu sem þeir höfðu útbúið sjálfir
- 52% notuðu efni frá öðrum kennurum.

(2017). Stendur ríkið í vegi fyrir bættum námsárangri? Sótt af https://medium.com/@vidskiptarad/stendur-rikid-i-vegi-fyrir-baettum-namsarangri-49ec1e414ad4




Frá Frank Rennie, UHI
Hér þýtt og staðfært af SJ.


high school
vs.
college
here are your textbooks. get them covered and don't lose them!
Okay. They're heavy...
here's a list of books you need to buy. the bookstore will charge you a few hundred bucks... good luck.
slugbooks
WHAT?! You're not gonna help me?!
slugbooks/chibird

# Áhyggjur og álitamál



slugbooks.com

- Kennarar vilja ráða sjálfir hvaða kennslubækur þeir nota
  - Á ekki við grunnskólana á Íslandi
  - Er lítið úrval af íslenskum kennslubókum
- Kennarar hafa áhyggjur af gæðum opinna kennslubóka
  - Þú færð það sem þú borgar fyrir
  - Oft skrifaðar af kennurum sem eru færir og hafa hagsmuna að gæta
  - Oft meiri gæði en í hefðbundnum kennslubókum (Senack, 2014)
- Kennarar hafa áhyggjur af að metnaður höfunda minnki til að skrifa bækur eða minnki gæði
  - Verið er að vinna við að byggja upp viðskiptamódel víða um heim
- Skólar hafa áhyggjur af að skaði bóksölur skólanna
  - Mestar tekjur eru að renna til útgefenda af sölu bóka í dag
- Útgefendur hafa áhyggjur af neikvæðum áhrifum á hagnaðinn

# Afhverju ættu höfundar að skrifa opnar kennslubækur?

- Til að auka aðgang og framsækni.
- Kafli eða hluti af efni getur verið sem auglýsing fyrir annað efni sem er gefið út í hagrænum tilgangi.
- Löngunin til að deila hugverki sínu með öðrum út frá sköpun og menntun.
- Sjálfskynning sem er ætlað að auka hróður einstaklings innan ákveðins geira sem síðar verður í hagnaðarskyni.
- Sem hluti af viðskiptalíkani.
- Til að auka þekkingu og menningu.

Fitzgerald, B. (2007). Open Content Licensing (OCL) for Open Educational Resources. OECD´s Centre for Educational Research and Innovation (CERI). Sótt af http://www.oecd.org/edu/ceri/38645489.pdf


Opnir miðlar
Gagnvirkara samstarf
Opin námssamfélög



Hvetur til meiri fjölbreytni

Auðveldara að uppfæra efni



# Nokkur gæðamatskerfi vegna opins menntaefnis

- MIT og Carnegie Mellon hafa farið þá leið að hafa miðstýrða ritstýringu þar sem sérfræðingar á sviðinu bera ábyrgð á gæði efnisins.
  - Þessi aðferð tryggir mikil gæði námsefnis en er bæði kostnaðarsöm og hægvirk.
- Grasrótarleið sem byggir á þátttöku notandans. Hún stólar á þátttöku sjálfboðaliða sem bera þá ábyrgð á gæðum og áreiðanleika opins menntaefnis.
  - Þessi aðferð er ódýr og skilar gögnum hratt en tryggir ekki á sama hátt gæði og áreiðanleika og miðstýrð ritstýring gerir. Þekktasta dæmi um slíkt efni er Wikipedia.
- Notendadómaaðferð. Stjörnugjöf og umsagnir frá notendum.

Plotkin, H. (2011). Free to learn. An Open Educational Resources Policy Development. Guidebook for Community College Governance Officials. Sótt af https://icde.org/icde.org/filestore/Resources/Handbooks/FreetoLearnGuide2.pdf